

AUGLÝSING

um að varnarsvæðið í Hvalfirði skuli tekið í borgaraleg not.

1. gr.

Hér með tilkynnist að utanríkisráðherra hefur ákveðið að varnarsvæðið í Hvalfirði skuli tekið í borgaraleg not. Frá gildistöku auglýsingarinnar hættir umrætt landsvæði því að vera varnarsvæði. Afmörkun landsvæðisins er að finna í fylgiskjali með auglýsingu þessari.

2. gr.

Ákvörðun þessi, sem tekin er samkvæmt heimild í 14. tl. 10. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands nr. 3/2004, sbr. breytingarreglugerð nr. 123/2006, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 10. nóvember 2006.

Valgerður Sverrisdóttir.

Grétar Már Sigurðsson.

Fylgiskjal.

Yfirlitsmynd af fyrrverandi varnarsvæðinu í Hvalfirði samkvæmt varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951.



B-deild – Útgáfud.: 21. nóvember 2006